

Fundur hjá foreldrafélagi Seyðisfjarðarskóla 4. des kl. 12 í safnaðarheimili Seyðisfjarðarkirkju.

Mættar eru Auður, Elva, Jóhanna, Tinna og Sigga sem ritar fundargerð

1. *Sparkvöllur*, við ætlum að senda bæjarráði, bæjarstjóra og fræðslunefnd bókun; **DRÖG að bókun: foreldrafélag bókar; Foreldrafélag Seyðisfjarðarskóla hvetur bæjaryfirvöld eindregið til að fara í endurbætur á sparkvellingum vorið 2018. Völlurinn er vinsæll og mikið notaður af öllu aldurshópum og það er löngu kominn tími á viðhald. Í því ástandi sem hann er núna gæti hann verið slysgildra. Foreldrafélagið leggur til að bæjaryfirvöld geri úttekt á því hvað þarf að gera, hafi verkstjórn og greiði efniskostnað við endurbætur. En að foreldrar leggi til vinnu á vorverkadegi í maí 2018. Forvarnarfulltrúi leggur til skilti með reglum sem gilda fyrir völlinn.**
2. *Tendrum ljósin á jólatrénu á túninu við Spítalann*; Tinna sér um að kynningarmál kl. 17 fimmtudaginn 7.des. Elva ætlar að sjá um smá kynningu í upphafi. Sandra og Örvar eru að mestu leyti að skipuleggja viðburðinn. Tinna ætlar að prenta út texta.  
  
Á næsta ári leggjum við til að þetta verði á 1. Sunnudegi í aðventu og á eftir verði farið í Herðubreið í kakó og smákökur, tala við Celíu og Sessu um það. Foreldrafélögin splæsa.
3. *Skólaráðsfundir og fræðslunefndarfundir*. Stúlkunum í skólanum okkar líður illa í skólanum. Þær eru heldur ekki að standa sig í náminu, þær eru hlédrægar. Það er ástand í skólanum. Skólinn ætlar að bregðast við. Tala við skólasálfræðinginn. Fylgjumst með og Elva heldur okkur upplýstum. Þetta er ekki bara skólinn, efla stelpurnar okkar. Athuga hvort við getum fengum Tómasdóttir og Fritz, fá styrki frá síldarvinnslunni og Alcoa, athuga hvort Egilsstaðaskóli vilji vera með okkur. Auður athugar hvað þetta kostar og. Elva athugar með styrk frá Síldarvinnslunni.
4. Í ljósi niðurstaðna sbr. 3: Hafa sér stelpukvöld og sér strákakvöld í féló! Þau vilja síðan fresta öllu fram yfir áramót. Við viljum uppfylla þörf, ekki vera að standa fyrir einhverju sem þau hafa ekki áhuga á. Ættum að skoða það að bjóða 4.bekk með í viðburði á vorönninni
5. Örnámskeið, að styrkja samband heimilis og skóla, styrkja samskipti foreldra og barna og fjölskyldna. Tinna ætlar að ræða við Diljá um að vera með eitt námskeið í viðbót. Elva er tilbúin að vera með henni og aðstoða.
6. Fundir á næsta ári; breytum fundartíma, getum ekki verið í hádeginu. Athuga fyrsta mánudag í mánuði, kl. 14.

**Fundi slitið kl. 13.19.** Næsti fundur verður heima hjá Auði 15.janúar kl. 14.  
Auður ætlar að vera með kökur! Auður ætlar að gera köku og brauðrétt...